

3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn að Garðarsbraut 5 Húsavík mánudaginn 29. ágúst 2016 kl. 15:00

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Arnar Guðmundsson, Elías Pétursson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Framgangur verkefna frá síðasta fundi

a) Langanesbyggð – bréf til Byggðastofnunar

Framkvæmdastjóri og Elías gerðu grein fyrir bréfi sem sveitarstjóri Langanesbyggðar og framkvæmdastjóri félagsins sendu forstjóra Byggðstofnunar þar sem reifuð er staða byggðarlagsins og óskað aðkomu stofnunarinnar að því að greina stöðuna og þau sóknarfæri sem í henni felast til að skjóta fleiri styrkum stöðum undir byggð og atvinnulíf svæðisins til frambúðar. Viðbrögð hafa borist við bréfinu og munu fulltrúar stofnunarinnar koma til fundar um efni bréfsins með sveitarstjórn í lok næstu viku.

b) Hvannalindir – hlutafjárbeiðni

Eftir afgreiðslu stjórnar á síðasta fundi hefur framkvæmdastjóri unnið með stjórnendum og aðaleiganda félagsins að því að finna leiðir til að tryggja áframhaldandi framleiðslu félagsins en losa það undan þeim mikla kostnaði sem fylgir húsnæði þess. Helstu kostir í því eru sala eða leiga núverandi húsnæðis og flutingur framleiðslunnar t.d. í aðstöðu Matarskemmunnar á Laugum. Niðurstöður liggja ekki fyrir en þær byggja fyrst og fremst á því hvað aðaleigandi félagsins vill gera.

c) Viðskipti undirverktaka vegna stóriðjuframkvæmda

Staðan hefur verið könnuð, bæði hjá ákveðnum undirverktökum en einnig hefur málið verið opnað við stjórn SANA, en af samkeppnisástæðum kann að vera snúið fyrir samtökin að koma að málinu. Staðfest er að staðan hefur verið nokkuð erfið hjá undirverktökum og hefur aðalverktakinn á svæðinu viðurkennt að ástandið hafi ekki verið nógu gott. Þar á bæ var hins vegar lofað bótum núna um mánaðarmótin og verður staðan metin að nýju þegar í ljós kemur hvort það gangi eftir.

2. Skotlandsferð – greinargerð framkvæmdastjóra og kostnaðaruppgjör

Framkvæmdastjóri lagði fram greinargerð og kostnaðaruppgjör vegna vinnuferðar starfsmanna þróunarteytinga félagsins undir forystu Byggðastofnunar til Skotlands í maí sl. En málinu var frestað á síðasta fundi.

Stjórnin lýsir ánægju með greinargerðina og þann ávinning sem fyrir liggur að starfmenn félagsins og þar með félagið, hafa haft af ferðinni. Kostnaður var innan þeirra marka sme áætlun gerði ráð fyrir.

3. Heimsókn frá SI og norrænum kollegum

Framkvæmdastjóri gerði gein fyrir ósk frá Samtökum iðnaðarins um að koma í heimsókn og kynna sér framkvæmdir á Bakka og tengd verkefni og með hvaða hætti samfélagið hefði undirbúið sig og væri að takast á við þær áskoranir sem fylgja. Félagið mun taka á móti gestunum í samvinnu við Norðurþing, fara kynnisferð um framkvæmdasvæðið og taka síðan þátt í samtali við gestina um viðfagnsefnið. Heimsóknin er áætluð miðvikudaginn 21. september kl 16:00 og mun ljúka með sameignlegum kvöldverði í boði SI.

4. Starfsmannamál

Jóna Matthíasdóttir hefur óskað eftir lækkuðu starfshlutfalli í eitt ár frá 1. september nk. þannig að hún myndi einungis sinna bókhaldi og launavinnslu hjá félaginu.

Samþykkt að tillögu framkvæmdastjóra að verða við beiðninni og er honum jafnframt falið að semja við Jónu um starfshlutfall vegna þeirra verkefna sem hún kemur til með að sinna á tímabilinu.

Jafnframt samþykkt að heimila framkvæmdastjóra að auglýsa eftir starfsmanni í fullt starf til sama tíma.

5. Fundaplan fyrir starfsárið

Farið yfir helstu forsendur vegna fundaplans fyrir starfsárið, s.s. fundafjölda, tímasetningar og fundarstaði/fundarform, þ.e. nýtingu fjarfundarbúndaðar/Skype til fundarhalda.

Framkvæmdastjóra falið að fullvinna planið og senda á stjórnarmenn til staðfestingar.

6. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:25